

FUNDAGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

127. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 5. nóvember 2014 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Þórarinn Óli Rafnsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. Refa- og minkaveiði
2. Styrkvegir.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lagðar fram upplýsingar um refa-og minkaveiði frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Kostnaður Húnaþings vestra vegna refa-og minkaveiði á þessu tímabili er alls kr. 4.906.876. Unnin grendýr eru 69, yrðlingar 156, hlaupadýr 19 og minkar 38. Samningar um vetrarveiði á ref eru útrunnir. Landbúnaðarráð óskar eftir að fá kr. 1.000.000 í fjárveitingu á árinu 2015 til vetrarveiði á ref.
2. Lagt fram yfirlit um áfallinn kostnað við styrkvegi árið 2014.
3. Önnur mál
 - a. Rætt um framkvæmdir og viðhald varnargirðinga.
 - b. Skoðaðir taxtar fyrir girðingavinnu og bornir saman við þá taxa sem aðrir eru að greiða fyrir sambærilega vinnu. Samþykkt að leggja fram tillögu að samræmdum taxa fyrir næsta vor.
 - c. Samþykkt að óska eftir því að fá eftirlitsmann með lausagöngu búfjár á næsta fund landbúnaðarráðs.
 - d. Rætt um eyðingu kerfils á vegsvæðum. Samþykkt að fá fund með Vegagerðinni vegna þessa vandamáls.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:17.

Jóhann Ragnarsson

Þórarinn Óli Rafnsson

Sigríður Ólafsdóttir

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir